

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 202/2016, um hrognkelsaveiðar 2016.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

*Veiðisvæði og veiðitímabil.*

Grásleppuveiðileyfi hvers báts skal gefið út til 20 samfelldra daga í upphafi, þar til ákvörðun um heildarfjölda daga hefur verið tekin og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil eins og hér greinir:

- A. Faxaflói, frá línu réttvisandi vestur frá Garðskagavita  $64^{\circ}04,90'$  N  $022^{\circ}41,40'$  V að línu réttvisandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum)  $64^{\circ}45,00'$  N  $023^{\circ}55,30'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- B. Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvisandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum)  $64^{\circ}45,00'$  N  $023^{\circ}55,30'$  V að línu réttvisandi vestur frá Bjarttöngum  $65^{\circ}30,20'$  N  $024^{\circ}32,10'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.  
Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar  $64^{\circ}58,30'$  N  $023^{\circ}21,40'$  V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar  $65^{\circ}29,30'$  N  $023^{\circ}12,60'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. maí til og með 2. ágúst.
- C. Vestfirðir, frá línu réttvisandi vestur frá Bjarttöngum  $65^{\circ}30,20'$  N  $024^{\circ}32,10'$  V að línu réttvisandi norður frá Horni (grunnpunktur 1)  $66^{\circ}27,40'$  N  $022^{\circ}24,30'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- D. Húnaflói, frá línu réttvisandi norður frá Horni (grunnpunktur 1)  $66^{\circ}27,40'$  N  $022^{\circ}24,30'$  V að línu réttvisandi norður frá Skagatá  $66^{\circ}07,20'$  N  $020^{\circ}05,90'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- E. Norðurland, frá línu réttvisandi norður frá Skagatá  $66^{\circ}07,20'$  N  $020^{\circ}05,90'$  V að línu réttvisandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9)  $66^{\circ}22,70'$  N  $014^{\circ}31,90'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- F. Austurland, frá línu réttvisandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9)  $66^{\circ}22,70'$  N  $014^{\circ}31,90'$  V að línu réttvisandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18)  $64^{\circ}23,90'$  N  $014^{\circ}28,00'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- G. Suðurland, frá línu réttvisandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18)  $64^{\circ}23,90'$  N  $014^{\circ}28,00'$  V að línu réttvisandi vestur frá Garðskagavita  $64^{\circ}04,90'$  N  $022^{\circ}41,40'$  V.  
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. mars 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*